

Úrræðalisti Eyjafjarðarsveitar

Úrræðalisti Akureyrar

Úrræðalisti Eyjafjarðarsveitar inniheldur þau úrræði sem snúa sérstaklega að sveitarfélaginu en að öðru leyti er stuðst við úrræðalista Akureyrarbæjar. Listinn er uppfærður eftir þörfum.

Þjónustustig	Heiti úrræðis	Stutt lýsing á starfsemi	Vefsíða	Hvaðan og á hvers vegum er þjónustan eða úrræðið?
1	Tengiliður farsældar.	Tengiliður farsældar er bæði í leik- og grunnskóla. Nemendur og foreldrar geta leitað til tengiliðar og fengið ráðgjöf og viðtal.	Farsæld í Hrafnagilsskóla. Farsæld í Krummakoti.	Hrafnagilsskóli og Krummakot.
1	Stoðteymi Hrafnagilsskóla.	Stoðteymi Hrafnagilsskóla sinnir nemendum með stuðningsþarfir. Í stoðteymi sitja sérkennari, þroskaþjálfari, iðjuþjálfari, stoðkennari ásamt deildarstjóra stoðþjónustu.	Stoðþjónusta Hrafnagilsskóla.	Hrafnagilsskóli.
1	Stoðteymi Krummakots.	Stoðteymi Krummakots sinnir nemendum með stuðningsþarfir. Í stoðteymi sitja sérkennari, þroskaþjálfari og sérkennslustjóri.	Stoðþjónusta í Krummakoti.	Krummakot.
1	ÍSAT - kennsla	Nemendur með íslensku sem annað tungumál (ÍSAT) fá kennslu í íslensku og skólann starfar ÍSAT kennari.	ÍSAT í Hrafnagilsskóla.	Hrafnagilsskóli.
1	Skólahjúkrun í grunnskóla.	Við Hrafnagilsskóla starfar skólahjúkrunarfræðingur sem sinnir heilsuvernd grunnskólabarna	Skólahjúkrun.	Heilbrigðisstofnun Norðurlands.
1	Forvarnarteymi.	Við Hrafnagilsskóla starfar forvarnarteymi		Hrafnagilsskóli og

		og í því situr forstöðumaður íþróttamiðstöðvar.		Íþróttamiðstöð Eyjafjarðarsveitar.
1	Talþjálfun.	Talmeinafræðingur hefur aðstöðu í skólanum og kemur u.þ.b. þrisvar í mánuði til þess að hitta þau börn sem hefur verið vísað til hennar.		EKS talþjálfun.
1	Eineltisáætlun.	Ef upp kemur grunur um einelti er starfað samkvæmt verklagi.	Meðferð eineltismála í Hrafnagilsskóla. Meðferð eineltismála í Krummakoti.	Hrafnagilsskóli.
1	Nemendaverndarráð Hrafnagilsskóla.	Á nemendaverndarráðsfundum eru tekin upp ýmis mál nemenda sem snúa m.a. að líðan, námi og mætingu. Í nemendaverndarráði sitja skólastjórar, hjúkrunarfræðingur og deildarstjóri stoðþjónustu. Aðrir í stoðteymi eru kallaðir til eftir þörfum. Á fundum nemendaverndarráðs eru einnig til skiptis tengiliðir frá Skóla- og félagsþjónustu Akureyrar, þ.e. sérkennsluráðgjafi, sálfræðingur og félagsráðgjafi.		Hrafnagilsskóli og Fræðslu- og lýðheilsu- og lífshæðis- og Akureyrar.
1	Frístund.	Börnum í 1.-4. bekk stendur til boða að sækja frístund að loknum skóladegi kl. 14:00 til kl. 16:00. Frístund er einnig opin á foreldrasamtalsdögum.	https://krummi.is/fristund/	Hrafnagilsskóli.
1	Íþróttæfingar á vegum Ungmennafélagsins Samherja.	Börnum í sveitarfélaginu á öllum aldri stendur til boða að sækja íþróttæfingar á	Samherjar	Ungmennafélagið Samherjar.

		vegum Ungmennafélagsins Samherja.		
1	Félagsmiðstöðin Hyldýpi.	Börnum í 5.-10. bekk stendur til boða að mæta í félagsmiðstöðina Hyldýpið utan skóla.	Félagsmiðstöðin Hyldýpi	Íþróttamiðstöð Eyjafjarðarsveitar.
1	Uppeldisstefnan Jákvæður agi.	Krummakot og Hrafnagilsskóli vinna eftir agastefnunni Jákvæður agi. Jákvæður agi byggir á grunnildunum góðvild og festa. Agastefnan byggir á kenningum um sjálfstjórn sem felur í sér að horft er á orsök hegðunar frekar en að breyta henni með umbun eða refsingu.	Jákvæður agi	Krummakot og Hrafnagilsskóli.
1	Hjálparsveitin Dalbjörg.	Hjálparsveitin Dalbjörg heldur úti unglingadeild þar nemendum stendur til boða að taka þátt í starfinu.	dalbjorg.is	Björgunarsveitin Dalbjörg.
1	Æskulýðsstarfs Hestamannafélagsins Funa.	Hestamannafélagið Funi er með æskulýðsstarf fyrir börn.	funamenn.is	Hestamannafélagið Funi.
1	Tónlistarskóli Eyjafjarðar.	Allir nemendur í Hrafnagilsskóla eiga þess kost að sækja tónlistarnám í hljóðfæra tímum á kennslutíma grunnskólans sem hluti af heildstæðum vinnudegi sínum í skólanum.	Tónlistarskóli Eyjafjarðar	Tónlistarskóli Eyjafjarðar.
1	Vinnuskóli.	Vinnuskóli Eyjafjarðarsveitar er starfræktur 9-10 vikur ár hvert og er ætlaður unglingum á aldrinum 14 – 16 ára.	Vinnuskóli	Eyjafjarðarsveit.
1	Ungmennaráð.	Ungmennaráð er vettvangur fyrir unglinga yngri en 18 ára til að taka virkan þátt í mótun samfélagsins og hafa áhrif í sínu nærumhverfi. Ungmennaráð á Íslandi eru lögfest í gegnum ákvæði í sveitarstjórnarlögum og í samræmi við		Eyjafjarðarsveit.

		stefnu um tómstunda- og félagsstarf. Hlutverk þeirra er að þjálfa ungt fólk í lýðræðislegum vinnubrögðum og efla tengsl þeirra við stjórnkerfið.		
1	Bókasafn Eyjafjarðarsveitar.	Eyjafjarðarsveit starfrækir bæði skóla- og almenningubókasafn.	Bókasafn Eyjafjarðarsveitar	Eyjafjarðarsveit.
1 og 2	Kennsluráðgjöf.	Eyjafjarðarsveit er með þjónustusamning við Fræðslu- og lýðheilsusvið Akureyrarbæjar. Hægt er að sækja um kennsluráðgjöf frá þeim inn í nemendateymi leik- og grunnskólanna.	Fræðslu- og lýðheilsusvið	Þjónustusamningur á milli Akureyrarbæjar og Eyjafjarðarsveitar.
1 og 2	Sálfræðileg greining.	Eyjafjarðarsveit er með þjónustusamning við Fræðslu- og lýðheilsusvið Akureyrarbæjar. Hægt er að sækja um sækja um sálfræðilega greiningu vegna nemenda. Sálfræðileg greining getur m.a. verið vegna gruns um ADHD, einhverfu, kvíðaröskunar eða depurðar.	Fræðslu- og lýðheilsusvið	Þjónustusamningur á milli Akureyrarbæjar og Eyjafjarðarsveitar.
1 og 2	Málþroskagreining.	Eyjafjarðarsveit hefur samið við sjálfstætt starfandi talmeinafræðing sem kemur reglulega í skólanna og sinnir þjónustu við nemendur í leik- og grunnskóla.		Eyjafjarðarsveit.
1, 2 og 3	Félagsleg og sérhæfð ráðgjöf	Eyjafjarðarsveit er með þjónustusamning við Fræðslu- og lýðheilsusvið Akureyrarbæjar. Hægt er að sækja um ráðgjöf og stuðning m.a. vegna íhlutunar inn á heimili (Askjan), sérhæfðar ráðgjafar í málefnum fatlaðra barna og uppeldisstuðnings. Eins er hægt að sækja um stuðningsfjölskyldur og persónulegan ráðgjafa.	Fræðslu- og lýðheilsusvið	Þjónustusamningur á milli Akureyrarbæjar og Eyjafjarðarsveitar.